

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1450/2004**2008/EES/10/31**

frá 13. ágúst 2004

um framkvæmd ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1608/2003/EB um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um nýjungar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1608/2003/EB frá 22. júlí 2003 um gerð og þróun hagskýrslna Bandalagsins um vísindi og tækni ⁽¹⁾, einkum 3. gr.,

Með þessari reglugerð er komið á nauðsynlegum ráðstöfunum til framkvæmdar ákvörðun nr. 1608/2003/EB að því er varðar hagskýrslur Bandalagsins um nýjungar.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

1) Í ákvörðun nr. 1608/2003/EB er mælt fyrir um þær sérstök hagskýrsluáðgerðir sem eru nauðsynlegar til þess að útbúa hagskýrslur Bandalagsins um vísindi, tækni og nýjungar.

1. Þessi reglugerð skal taka til hagskýrslna Bandalagsins um nýjungar. Að því er varðar þessar hagskýrslur skal skráin yfir tölfraðilegar breytur, starfsemi og geira, sem um ræðir, sundurliðun niðurstaðna, tíðni, skilafrestur gagna og aðlögunartímabil vera eins og tilgreint er í viðaukanum.

2) Nauðsynlegt er að samþykka ráðstafanir til framkvæmdar sérstökum hagskýrsluáðgerðum eins og kveðið er á um í 2. gr. ákvörðunar nr. 1608/2003/EB.

2. Á grundvelli niðurstaðna skýrslanna, sem lagðar eru fyrir Evrópuþingið og ráðið skv. 5. gr. ákvörðunar nr. 1608/2003/EB, er heimilt að endurskoða reglulega skrána yfir tölfraðilegar breytur, starfsemina og geirana, sem um ræðir, sundurliðun niðurstaðna, tíðni, skilafrest gagna og önnur könnunaratriði sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

3) Í einstökum hagskýrsluáðgerðum skal tekið mið af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2367/2002/EB frá 16. desember 2002 um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2003 til 2007 ⁽²⁾ þar sem kveðið er sérstaklega á um vinnuáætlunina við gerð og umbætur á hagskýrslum um nýjungar fyrir tímabilið 2003 til 2007.

3. gr.

4) Nauðsynlegt er að tryggja samræmi hagskýrslna Bandalagsins um nýjungar við aðra alþjóðlega staðla en það felur í sér að tekið sé mið af þeirri vinnu sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og aðrar alþjóðastofnanir inna af hendi.

Aðildarríkin skulu afla nauðsynlegra gagna með samtengingu ýmissa heimilda, s.s. úrtakskannana, stjórnsýslugagna og annarra gagna. Þau gögn skulu vera a.m.k. jafngild úrtakskönnunum eða stjórnsýslugögnum með tilliti til gæða eða tölfraðilegra matsaðferða.

5) Við framkvæmd ákvörðunar nr. 1608/2003/EB skal taka tillit til rammans, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ⁽³⁾, þegar mælt er fyrir um ákvæði er varða aðgang að stjórnsýsluheimildum og trúnaðarkvaðir í hagskýrslum.

4. gr.

6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

Hagskýrslur Bandalagsins um nýjungar, sem tilgreindar eru í viðaukanum, skulu byggjast á samræmdum hugtökum og skilgreiningum í nýjustu útgáfu Osólarhandbókarinnar. Aðildarríkin skulu nota þessi samræmdu hugtök og skilgreiningar við gerð hagskýrslnanna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 267, 14.8.2004, bls. 32. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 32, 23.6.2005, bls. 29.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 230, 16.9.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 358, 31.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

Í skýrslunum, sem lagðar eru fyrir Evrópuþingið og ráðið skv. 5. gr. ákvörðunar nr. 1608/2003/EB, skal vera vísun í hugtök og skilgreiningar ásamt notkun þeirra.

5. gr.

Aðildarríkjunum er skylt að senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) samansafn hagskýrslna sem tilgreint er í viðaukanum en þeim er valfrjálst að senda stakar gagnaskrár og skulu þau nota staðlað afhendingarsnið sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) ákvarðar í samráði við aðildarríkin.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna), að hennar beiðni, þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að meta gæði hagskýrslanna, sem er mælt fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, og eru nauðsynlegar til að uppfylla kröfur um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í 5. gr. ákvörðunar nr. 1608/2003/EB.

6. gr.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skulu framkvæma gæðamat.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. ágúst 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

HAGSKÝRSLUR UM NÝJUNGAR

1. þáttur

Aðildarríkin skulu taka saman eftirfarandi hagskýrslur Bandalagsins um nýjungar:

Kóði	Heiti	Athugasemdir
1	Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja	Sem algildi og sem hlutfall af öllum fyrirtækjum
2	Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem setti nýjar eða verulega endurbættar vörur á markað	Sem algildi, sem hlutfall af öllum fyrirtækjum og sem hlutfall af öllum nýsköpunarfyrirtækjum
3	Velta af nýjungum sem tengist nýjum eða endurbættum vörum sem eru nýjar á markaði	Sem algildi, sem hlutfall af heildarveltu og sem hlutfall af heildarveltu nýsköpunarfyrirtækja
4	Velta af nýjungum sem tengist nýjum eða endurbættum vörum sem eru nýjar fyrir fyrirtækið en ekki nýjar á markaði	Sem algildi, sem hlutfall af heildarveltu og sem hlutfall af heildarveltu nýsköpunarfyrirtækja
5	Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem tekur þátt í samstarfi um nýjungar	Sem algildi og sem hlutfall af nýsköpunarfyrirtækjum
6	Útgjöld vegna nýjunga	Sem algildi, sem hlutfall af heildarveltu og sem hlutfall af heildarveltu nýsköpunarfyrirtækja — valfrjálst
7	Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem sagði áhrif nýjunga mjög mikilvæg	Sem algildi og sem hlutfall af öllum nýsköpunarfyrirtækjum
8	Fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem tilgreindi heimildir þar sem reyndust vera mjög mikilvægar upplýsingar að því er varðar nýjungar	Sem algildi og sem hlutfall af öllum nýsköpunarfyrirtækjum — valfrjálst
9	Fjöldi fyrirtækja sem stendur frammi fyrir miklum hindrunum	Sem algildi, sem hlutfall af öllum fyrirtækjum, sem hlutfall af öllum nýsköpunarfyrirtækjum og sem hlutfall af fyrirtækjum sem ekki eru nýsköpunarfyrirtæki

Auk fyrrgreindra hagskýrslna skulu aðildarríkin taka saman viðbótarhagskýrslur (þ.m.t. sundurliðun þeirra) í samræmi við meginatriði sem eru tilgreind í Oslóarhandbókinni. Þessar viðbótarhagskýrslur verða ákvarðaðar í nánú samstarfi við aðildarríkin.

2. þáttur

Þær skulu a.m.k. taka til fyrirtækja í bálkum C, D, E, I, J, deildum 51 og 72 og flokkum 74.2 og 74.3 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 1.1).

3. þáttur

Gefa skal skýrslu um allar breytur á fjögurra ára fresti að undanskildum breytum 1, 2, 3, 4 og 5 sem skal gefa skýrslu um á tveggja ára fresti.

4. þáttur

Almanaksárið 2004 er fyrsta viðmiðunarár fyrir samantekt hagskýrslanna.

5. þáttur

- Allar niðurstöður skulu sundurliðaðar eftir atvinnustarfsemi (NACE, endursk. 1.1.) á bálkastigi og eftirfarandi flokkun eftir fjölda starfsmanna: 10-49 starfsmenn, 50-249 starfsmenn, fleiri en 249 starfsmenn.
- Allar niðurstöður skulu einnig sundurliðaðar eftir atvinnustarfsemi (NACE, endursk. 1.1) á deildarstigi.
- Niðurstöður 5. breytu skulu sundurliðaðar eftir eðli samstarfs að því er varðar nýjungar. Niðurstöður 7. breytu skulu sundurliðaðar eftir eðli áhrifa af nýjungum. Niðurstöður 8. breytu skulu sundurliðaðar eftir gerð heimilda sem upplýsingarnar eru teknar upp úr. Niðurstöður 9. breytu skulu sundurliðaðar eftir eðli hindrunar. Þessi sundurliðun verður ákvörðuð í nánú samstarfi við aðildarríkin.

6. þáttur

1. Senda skal allar niðurstöður innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.
2. Aðildarríkin geta að eigin frumkvæði sent framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) stakar gagnaskrár sem ná yfir allar hagskýrslueiningar sem kannanir um nýjungar taka til.

7. þáttur

1. Spurningalistarnir, sem notaðir eru við kannanir Evrópubandalagsins á nýjungum og gerðar eru á fjögurra ára fresti frá viðmiðunarárinu 2004, skulu taka til þeirra meginatriða sem skráð eru í Oslóarhandbókinni í tengslum við mat á nýjungum í fyrirtækjum.
2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, í nánu samstarfi við aðildarríkin, semja leiðbeiningar um aðferðafræði við kannanir Bandalagsins á nýjungum í því skyni að koma á viðtækri samræmingu á niðurstöðum könnunarinnar. Þessar leiðbeiningar skulu a.m.k. taka til markþýðis, aðferðafræði í könnunum (þ.m.t. svæðisbundnir þættir), samræmdra spurningalista, gagnaöflunar, gagnavinnslu, sendinga gagna og krafna um gæði gagna.
3. Einnig skal semja leiðbeiningar um aðferðafræði fyrir aðrar kannanir um nýjungar sem gerðar eru á fjögurra ára fresti frá viðmiðunarárinu 2006 í nánu samstarfi við aðildarríkin.
4. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) nauðsynlegar upplýsingar varðandi innlenda aðferðafræði sem notuð er í tengslum við innlendar hagskýrslur um nýjungar.

8. þáttur

Ef nauðsynlegt er að gera viðtækar breytingar á innlendum hagskýrslukerfum er framkvæmdastjórninni heimilt að veita aðildarríkjum undanþágur í tengslum við hagskýrslurnar sem skal taka saman fyrir fyrsta viðmiðunarárið 2004. Heimilt er að veita viðbótarundanþágur að því er tekur til atvinnustarfsemi í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE, endursk. 1.1) eða sundurliðun hagskýrslanna, sem skal taka saman fyrir viðmiðunarárið 2006, eftir stærðarflokkum.
